

Glímusamband Íslands – stjórnarfundur 08.10.2024 kl. 17:30.
Haldinn við skrifstofu GLÍ.

Á staðnum:

Jana Lind Ellertsdóttir,
Óttar Ottósson (ritari).

Á netinu:

Marín Laufey Davíðsdóttir,
Einar Eypórsson,
Guðmundur Stefán Gunnarsson.

Forföll:

Ólafur Oddur Sigurðsson.

Fundur settur kl.17:40.

Fréttir úr starfinu:

Jana segir frá móti á Laugum í Sælingsdal. Gekk vel. Sumir keppendur komnir aftur eftir hlé.

Einar segir frá Bandaríkjaferð. Farið með mannskapinn eins og kóngafólk. Vel heppnað.

Snær Seljan Þóroddsson hýsti gömlu heimasíðuna. Vill fá endurgreitt fyrir hýsinguna, 10 USD á mán. í um 5 ár. Gæti verið í námunda við 72.000 IKR.
Fékk á sínum tíma laun fyrir að setja upp síðuna.

Icelandair Open, síðustu helgina í október, alla helgina, í Vogum, Suðurnesjum.
Æfingabúðir í Reykholti, Biskupstungum, 15.-17.11.2024.

Evrópumeistaramót 19.-20.04.2025 (páskahelgin).

Bæði fyrir karla og konur, unglinga og fullorðna, allt að 25 keppendur.

Landsliðsþjálfari? Ólafur Oddur? Ingibergur Sigurðsson? Báðir gefa vilyrði. Snær Seljan?
Ásmundur Hálfván Ásmundsson fyrir unglinga. Lóa? Þarf kvennaþjálfara? Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, Jana, Marín?

Guðmundur Stefán vísar af fundi kl. 18:02.

Verður Hjörtur Elí Steindórsson dómari?

Senda póst á þjálfara félaganna. Keppendur gefi upp markmið sín fram að keppninni.

Gummi minnst á Þjóðminjasafnið. Jana segir þá reiðubúið til samstarfs. T.d. á menningarnótt. Glímusýning myndi þá fléttast inn í dagskrá safnsins.
Einnig rætt um fyrirhugað glímuminjasafn.

Landsliðsæfingabúðir í desember. Aftur í marz.

Landsliðspjálfarar búnir að velja í lið í janúar. Líta þarf til þyngdar og ástundunar.

Stelpuæfingabúðir fyrirhugaðar.

Einar: 6 flottar stelpur, en allar hættar nema Lóa. ...?

Svo virðist sem sinna þurfi unglingastarfi betur, sérstaklega þegar stigið er skrefið frá barnaflokkum á dýnum til unglingaflokka á beru gólfi.

Einhver býður fram aðstoð við æfingar og styrki. Er GLÍ tilbúið til að fara út í þetta verkefni?
